

# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 2023

## 1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Guðfinna Gunnarsdóttir formaður Bandalagsins setur þennan 73. aðalfund BÍL.

Hún býður alla velkomna.

Guðfinna stingur upp á Ásdísi Helgu Jóhannsdóttur sem fundarstjóra og Jónheiði Ísleifsdóttur og Gísla Birni Heimissyni sem fundarriturum sem er samþykkt.

Hörður tekur til máls og segir að fundargögn sé hægt að nálgast rafrænt á QR kóðum sem búið er að hengja upp en einnig fær hvert félag möppu með gögnum. Hörður og Ólöf dreifa gögnum.

Ásdís fundarstjóri kynnir sig og þakkar traustið. Hún byrjar á því að kanna lögmæti fundar og er hann löglegur.

## 2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Gerður les upp þau leikfélög sem eiga atkvæðisrétt á fundinum. Axel deilir út atkvæðaspjöldum til félaganna. Það eru 13 félög með atkvæði á fundinum.

Fundarstjóri biður fundargesti að kynna sig, sem þeir gera.

## 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Lilja les menningarstefnu Bandalagsins.

## 4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Fjögur félög eru tekin inn í Bandalagið að þessu sinni.

- Leikfélag Blönduóss
- Leikfélag Laxdæla
- Leikfélagið Lauga
- Leikdeild UMF Gnúpverja

## 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundarstjóri bendir á að aðalfundargerð síðasta fundar sé aðgengileg á vefnum og kallar eftir athugasemdum.

Engar athugasemdir og fundargerð síðasta aðalfundar er afgreidd samhljóða.

## 6. Skýrsla stjórnar.

Guðfinna les skýrslu stjórnar:

### Skýrsla stjórnar Bandalags Íslenskra Leikfélaga á aðalfundi í Neskaupsstað 6. maí 2023

#### I - Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður

Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður

Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, ritari

Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi

Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:

Anna Margrét Pálsdóttir, Þórfríður Þórarinsdóttir, Sigrún Tryggvadóttir, Lilja Guðmundsdóttir og Brynja Ýr Júlíusdóttir.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð er Hörður Sigurðarson. Starfsmaður á skrifstofu var Erla Hrönn Vihjálmsdóttir. Hún hefur starfað hjá okkur í hlutastarfi við handritasafn og önnur tilfallandi verkefni í Þjónustumiðstöð en lauk störfum í lok árs 2022.

Stjórn hélt sex starfsfundum á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Reykjanesbæ í maí og tvo í Þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og þrjá fjárfundi. Þess utan voru mikil samskipti í fésbókarhóp stjórnar.

Stjórn þakkar framkvæmdastjóra og skólanefndarfólki góða samvinnu á árinu.

#### Starfsemi félaganna

25 félög sendu inn styrkumsókn vegna 55 leiksýninga og leikþátta og 23 námskeiða. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd var 606.510 kr. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári. Félögin í Bandalaginu voru í vor 37 talsins.

#### II - Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar. Tekið skal fram að haldinn var framhaldsaðalfundur í september til að ganga frá afgreiðslu reikninga, vegna þess að þeir voru ekki tilbúnir fyrir aðalfund síðastliðið vor. Það skýrist af breytingum á bókhaldskerfi.

#### Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í jánnum. Þessi setning er fasti í skýrslu stjórnar því miður.

Samkvæmt uppástungu frá síðasta aðalfundi létum við skrá Bandalagið á almannaeillaskrá, þannig að nú getur hver sem er styrkt Bandalagið og fengið skattaafslátt.

Nýverið var fjárfest í nýrri tölvu fyrir þjónustumiðstöð, enda fyrrum tölva komin til ára sinna. Við þökkum henni fyrir samstarfið.

Söguleg tímamót urðu við skólaslit Bandalagsskólans síðastliðið sumar, en þá létu þær Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir af störfum eftir 15 ára farsæla stjórnun. Við keflinu tóku þau Jónheiður Ísleifsdóttir og F. Elli Hafliðason. Þær stöllum voru kvaddar með virktum á lokakvöldi skólans, en það er ekki nokkur leið að þakka nægilega fyrir þeirra framlag til skólans. Það er ómetanlegt. Skoðað var að elta Karl fyrrum rekstraraðila á Reykjum vestur í Sælingsdal og fór skólanefndarfólk, ásamt formanni og framkvæmdastjóra, í skoðunarferð þangað. Ekki varð úr því, en gengið var til samninga við Ungmennafélag Íslands sem tekið hefur yfir rekstur Reykja. En meira um skólann munu skólastýri fjalla um í skýrslu skólanefndar hér á eftir.

Leiklistarvefurinn er eitt mikilvægasta stjórnþæki framkvæmdastjóra. Fyrir utan almennan fréttáflutning af starfseminni nýtist hann til að halda utan um umsóknakerfið fyrir t.d. styrkumsóknir og aðrar umsóknir, vefverslunina sem verður sífellt mikilvægari, upplýsingagjöf, fundargerðir og skjalavörslu fyrir stjórn og nefndir og margt fleira. Kostnaður við vefinn og önnur tól, s.s. fjöldaþóstsendingar hefur aukist að sama skapi enda þarf orðið að borga fyrir ýmsa virkni sem áður nægði að nota frían hugbúnað fyrir.

Brýnt er orðið að endurskrifa Leikritasafnið og auka við notkunarmöguleika þess. Óformleg nefnd hefur verið starfandi við að undirbúa það, en fjármagn þarf til að ráðast í þær breytingar. Þetta verður því að bíða enn um sinn.

### **Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.**

Opinbert framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 17,4 millj. kr. Framlagið til þjónustumiðstöðvarinnar var 7,0 milljónir árið 2021, sem var síðasta ár þriggja ára rekstrarsamnings sem við höfum mikið reynt að fá framlengdan.

Eftir margítrekaðar tilraunir framkvæmdastjóra til að ná samtali við ráðuneyti um gerð samnings við þjónustumiðstöð og svör við spurningum um framlög, fékkst svar sem var ekki það sem við höfðum vonast eftir. Styrkur til þjónustumiðstöðvar hækkar ekki, heldur lækkar.

Varla þarf að taka fram að þessi óvissa um framtíðina hefur haft afar slæm áhrif á reksturinn. Baráttan fyrir bættum kjörum heldur því áfram, sem og baráttan við að ná samtali við ráðherra um okkar mál. Beiðni um viðtal við ráðherra hefur legið á borðum ráðuneytisins síðan síðastliðið haust.

Framkvæmdastjóri mun reifa fjárhagstöðuna almennt og samskiptin við ráðuneytið síðar á fundinum.

### **III - Halda leiklistarhátíð í tengslum við aðalfund 2022, vegna 70 ára afmælis BÍL.**

Ekki varð neitt úr þessu verkefni á árinu. Ekkert er því til fyrirstöðu að leggja slíka hátíð til fyrir næsta fund eða finna upp á einhverju nýju. Við hvetjum fundarmenn til að koma með uppástungur í umræðum hér á eftir.

### **IV – Önnur mál**

Erlent samstarf. Við leggjum mikla áherslu á að halda við góðu erlendu samstarfi, þá sérstakleg við NEATA þar sem Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin eru í samstarfi. Af þeim vettvagi er það að fréttastofa við sendum tvo fulltrúa á NEATA Youth Camp í ágúst, þær Söru Rós Guðmundsdóttir og Alexöndru GB Torfadóttur. Verkefnið hafði fengið styrk og því engin útgjöld af okkar hálfu til þess. Nú í maí tekur NEATA Youth svo þátt í Scenoskop hátíðinni í Danmörku og fara áðurnefnd Sara Rós og Sveinn Brimar Jónsson sem fulltrúar okkar. Sú ferð er einnig fjármögnuð með styrk að utan.

Enginn frá Íslandi tók þátt í stuttverkahátíð NEATA í Örebro, sem var ekki að undra þar sem þáttakendur þurftu að greiða allan kostnað sjálfir, ólíkt því sem áður hefur verið.

Næsta NEATA hátíð verður líklega haldin í Noregi í september 2024. Venjulega hafa þessar hátíðir farið fram að sumri til og þess hefur verið farið þess á leit við mótshaldara að halda hátíðina fyrr. Vonum við að það gangi og að hátíðin verði vel sótt. Við hvetjum okkar fólk til að hugsa sinn gang varðandi að fara með sýningu á hátíð.

Við erum einnig þátttakendur í verkefni sem snýst um að styðja við samskiptanet aðildarlanda NEATA og hefur framkvæmdastjóri þegar sótt tvo fundi, í Helsinki og Vilnius, en síðasti fundurinn verður haldinn hér í Reykjavík í október. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur starf NEATA á nýrri vefsíðu neata.eu.

Við tókum þátt í World Theatre Day 27. mars með NEATA löndunum í myndbandi þar sem leiklistarspírirur töluðu um leiklist.

Alþjóðasamtök áhugaleikfélaga AITA/IATA, sem við erum aðilar að, verða með leiklistahátíð í Debrecen í Ungverjalandi í sumar. Þar eigum við ekki fulltrúa.

Það er vor í lofti og vorlykt af leikhússtarfinu líka. Frumsýnt var um allt land á árinu og er það vel. Leiklistin finnur sér alltaf farveg á ný, það er öruggt, - en hvernig, og hvar, og fyrir hvaða peninga, er annað mál.

Við í stjórninni og erum ávallt til skafs og ráðagerða ef eitthvað er og hvetjum ykkur til að nýta ykkur þjónustumiðstöð þar sem Hörður gengur í verkin og svarar öllum spurningum með bros á vör.

Takk fyrir.

---

Fundarstjóri þakkar Guðfinnu fyrir góða skýrslu og stórt ár og býður Hörð velkominn til að leggja fram og kynna ársreikning.

## **7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.**

Hörður dreifir ársreikningum og kynnir þá.

## **8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.**

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Bernharð tekur til máls og þakkar fyrir góða skýrslu og góða reikninga. Hann talar um að reksturinn sé í járnum og að það sé sorglegt en virðist vera í styrkum höndum stjórnar, en varpar þeirri spurningu fram hvort niðurfelling skuldar sé nægt framlag til þjónustuskrifstofu. Hann spyr einnig um undirritum reikningar því þeir voru ekki undirritaðir í því eintaki sem var dreift. Hörður svara því að hann hafi undirritað eintak undir höndum sem hægt er að skoða.

Fundarstjóri kallar eftir samþykkt reikninga sem eru samþykktir samhljóða.

Fundarstjóri stingur upp á 10 mínútna hléi.

HLÉ 10:20-10:30

## **3b. Kjörnefnd skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.**

Gerður og Axel kynna hverjir eiga að ganga úr stjórn.

Formaður Guðfinna Gunnarsdóttir á að ganga úr stjórn og gefur ekki kost á sér áfram.

Gísli Björn Heimisson á líka að ganga úr stjórn og gefur kost á sér áfram.

Úr varstjórn eiga að ganga Anna Margrét Pálsdóttir, Sigrún Tryggvadóttir og Brynja Ýr Júlíusdóttir. Sigrún gefur kost á sér áfram.

Gerður tekur fram að öllum sé frjálst að bjóð sig fram í stjórn bandalagsins og óskar eftir framboðum í öll þessi stjórnarsæti.

## **8b. Kynning um stöðu fjármála Bandalagsins**

Hörður segir stöðuna erfiða og óviss. Við höfum beðið í tvö ár eftir að fá endurnýjaðan samning við ráðuneytið þar sem samningur okkar rann út árið 2021. Eftir það voru ráðuneytin stökkuð upp og eftir það hefur verið erfitt að fá samtali um nýjan samning. Einnig hefur verið erfitt að fá greiðslur frá ráðuneytinu. Gerður var skammtíma samningur fyrir árið 2022 og þegar lítið gekk að fá langtímasamning var aftur ákveðið að gera skammtímasamning þar sem ætlunin var að lækka samning niður í 6 milljónir en eftir mótmæli stjórnar og framkvæmdarstjóra var ákveðið að hækka upp í 6,5 milljónir. Verðlagshækkningar hafa áhrif á reksturinn. Verkefnið er skýrt. Við þurfum að lækka kostnað og hækka tekjur.

Hörður sýnir graf með sögu styrkja til leikfélaganna og þjónustumiðstöðvar. Við hrun fóru allir styrkir niður á við og hafa haldið áfram í þá átt.

Hörður lýsir skrautlegum samskiptum við ráðuneytið varðandi greiðslur þar sem greiðsluáætlun samninga var breytt frá skoðun að undirritun sem fór fram rafrænt.

Hörður kynnti uppreiknaðar tölur fyrir styrki til þjónustumiðstöðvar og aðildarféлага miðað við verðlagsbreytingar síðan 2010 og voru þær töluvert hærri en styrkirnir eru í dag.

Sala leikhúsbúðarinnar hefur farið niður á við síðan 2014 en er að þokast upp á við aftur síðan í fyrra.

Hörður hefur aukið úrvalið með ódýrari vörum, meðal annars álfaeyru sem hafa selst vel. Leikhúsbúðin hefur einnig verið gerð sýnilegri t.d með auglýsingum og instagram. Einnig eru vörurnar okkar komnar inn á vöruleit á já.is.

Sala handrita er orðin algjörlega rafræn og hefur yfirleitt ekki skilað hagnaði en hagnaður er nú komin í um 300 þúsund og verður líklega um tvöfalt það í lok árs.

Miklar framkvæmdir hafa verið í kringum þjónustumiðstöð og lýsir Hörður miklu ónæði af framkvæmdum í kringum þjónustumiðstöð en það stefnir í að við missum húsnæðið sem við erum í fyrr en seinna og höfum við þá þrjá mánuði til að finna nýtt húsnæði. Þess vegna er gott að eiga húsnæðissjóðinn.

Við þurfum að þrýsta á að framlag til leikfélaganna sem er á fjárlögum verði hækkað.

Spurning kemur úr sal um hvort við þurfum að fá höfunda með okkur í lið. Hörður svara því að td. hafi áhugaleikfélögin greitt um 18 milljónir til leikstjóra á síðasta ári.

Guðfinna fær orðið og talar um að þegar styrkirnir urðu sem lægstir þá hafi framkvæmdarstjóri farið á atvinnuleysisbætur og einnig hafi stöðugildin verður skorin niður.

Hún talar um að Tónverkamiðstöð hafi verið að fá um 13 milljónir og ef við fengjum það þá værum við á góðu róli.

Samtal við ráðherra gekk vel en því miður hefur sú árlega hækkun um hálf milljón sem lofað var þar ekki gengið eftir.

Gísli talar um að mögulega væri hægt að panta vörur jafn óðum frekar en að eiga lager. Sumar vefverslanir eru farnar að senda til baka á 2 vikum.

Einnig gæti stjórn Bandalagsins samið bréf sem hægt væri að senda áfram til leikfélaganna og þau geta sent þau áfram á þingmenn í sínu kjördæmi.

Ólöf biður um orðið og talar um að það hafi í gamla daga hafi peningar verið teknir af styrk til félaganna án samþykktar en á seinni árum hafi fundur samþykkt þessa færslu. Einnig gæti komið ályktun frá aðalfundi sem hægt væri að senda áfram á þingmenn.

Lilja talar um hversu mikilvægt starf áhugaleikfélaganna og við þurfum að gera eitthvað til að auka sýnileika áhugaleikfélaganna og Bandalagsins. Hún kemur með þá hugmynd að við segjum okkar sögu og komum því á framfæri á samfélagsmiðlum. Búum til keðjuverkun sem gæti vakið athygli á okkur.

Fundarstjóri stingur upp á að taka frekari umræður undir önnur mál og heldur áfram með dagskrá.

## **9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.**

Elli les skýrslu Skólanefndar.

### **Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 6. maí 2023**

Talsverð umskipti urðu í skólanefnd BÍL á liðnu starfsári. Fram að skóla 2022 sátu í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, formaður, Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Þessi hópur fundaði reglulega og skipulagði skólann 2022 og sem starfandi formaður þakka ég þeim vel unnin störf. Eftir að skólanum lauk í fyrrasumar urðu mannabreytingar og skólanefnd skipa nú F. Elli Hafliðason formaður, Jónheiður Ísleifsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir. Það kom í hlut þessarar skólanefndar að skipuleggja skólann 2023 og þakka ég kærlega þessu samnefndarfólki og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólinn var haldinn að Reykjum sumarið 2022 og boðið var upp á fjögur námskeið:

1. **Leiklist I** – kennari Ólafur Ásgeirsson.
2. **Leikstjórn II** – kennari Jenný Lára Arnórsdóttir, sem kenndi hjá okkur í fyrsta sinn.
3. **Hvernig segjum við sögu?** - sérnámskeið fyrir leikara - kennari Ágústa Skúladóttir.

Nemendur voru alls 40 og benti viðhorfskönnun almennt til mikillar ánægju með skólastarfið. Við erum sérstaklega ánægð með að viðhalda tengslum við þrautreynda kennara en um leið fá nýtt og metnaðarfullt fólk til starfa.

Auk nemenda voru 11 höfundar í heimsókn.

Við skólaslit urðu þau tíðindi að Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir létu af störfum sem skólastýrur eftir 15 ára starf, en þær hafa stýrt skólanum á öllum þeim þremur stöðum þar sem skólinn hefur verið haldinn. Fyrir hönd skólanefndar og nemenda skólans viljum við þakka þeim fyrir einstaklega

fagmannlegt, farsælt og ánægulegt starf öll þessi ár. Við sama tækifæri voru ný skólastýri kynnt til starfa, Jónheiður Ísleifsdóttir og F. Elli Hafliðason.

Einnig voru blíkur á lofti hvað varðaði staðsetningu skólans. Hjónin Karl Örvarsson og Halldóra Árnadóttir sem höfðu verið gestgjafar skólans að Reykjum síðan hann fluttist þangað, voru nú að hætta sínum rekstri og því óvissa um framhaldið að Reykjum. Karl og Halldóra fluttu sig að Laugum í Sælingsdal og buðu skólanum að fylgja sér þangað. Í nóvember fór skólanefndin ásamt framkvæmdastjóra og formanni Bandalagsins, í vettvangsferð að Laugum og leist að mörgu leiti vel á aðstæður, þó með þeim fyrirvara að margt þyrfti að bæta áður en nemendur mættu á svæðið og ýmsum spurningum enn ósvarað. Ákveðið var þó ræða einnig við UMFÍ sem tekið hafði við rekstri skólabúðanna að Reykjum og sýnt Bandalagsskólanum áhuga.

Á endanum urðu Karl og Halldóra að gefa það frá sér að taka á móti okkur en að sama skapi tók UMFÍ okkur opnum örmum að Reykjum og líst okkur vel á samstarfið við staðarhaldara. Skólastjórar fóru í vettvangsferð að Reykjum fyrir tveimur vikum og þar hefur ungmennafélagið hafið endurbætur á ýmsu sem var komið til ára sinna og hyggur á frekari úrbætur á aðstöðunni.

Árið 2023 er skólinn ráðgerður frá 17.-25. júní. Boðið er upp á þrjú námskeið:

1. **Leiklist II** - kennari Árni Pétur Guðjónsson. Skráðir eru 16 nemendur
2. **Leikstjórn III** - Kennari Jenný Lára Arnórsdóttir. Skráðir eru 8 nemendur
3. **Sérnámskeið - leikarinn sem sögumaður/hljóðfæri** - kennari Björn Ingi Hilmarsson sem er að kenna hjá okkur í fyrsta skipti. Skráðir eru 10 nemendur.

Þá er höfundum boðið í heimsókn og hafa alls 12 höfundar sótt um.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir samstarfi við nýjan kennara og þá sem hafa verið með okkur áður. Hlökkum við mikið til að njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

### **Elli heldur áfram og segir frá því að enn séu laus pláss á sérnámskeiði og í leikstjórn**

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu skólanefndar.

Bernharð tekur til máls og þakkar fráfarandi skólastýrum fyrir vel unnin störf. Einnig talar hann um að mikill áhugi sé á því að koma sem höfundur í heimsókn og spyr hvernig því verði háttað á næstu árum.

Jónheiður svarar Bernharð um að fjöldi höfunda í heimsókn hafi hækkað síðustu ár og þetta sé eitthvað sem skólanefnd þarf að ræða í stærra samhengi og einnig er von á að haldin verði ritunarnámskeið á næstu árum og hefur reglan verið sú að þá hefur ekki verið boðið upp á höfunda í heimsókn. En þetta er klárlega eitthvað sem þarf að skoða og munum við gera það. Varðandi stöðu skólans í ár þá hvetjum við fólk til að sækja um á námskeið eða sem höfundar í heimsókn og munum svara í lok næstu viku.

Guðfinna tekur til máls og talar um að hún sé að fara í Leikstjórn III og hvetur fólk til að kynna skólann fyrir sínum félögum.

Jórunn frá Vestmannaeyjum tekur til máls og talar um að ný stjórn í Vestmannaeyjum langi til að leggja meiri áherslu á að kynna Bandalagið og starfsemi Leiklistarskólans til félaga.

Bernharð minnir á fósturfélagakerfið og hvetur stjórn og stjórnir félaga til að nýta sér þetta kerfi sem virðist hafa verið vannýtt síðustu ár.

Hörður minnir á að langflest stéttarfélög styrkja skólagjaldið og í raun sé skólagjaldið mjög lágt miðað við að fólk sé að borga fyrir fæði, húsnæði og 7 tíma námskeið í 9 daga.

Bernharð talar um að hann hafi fengið góðan styrk frá sínu stéttarfélagi fyrir skólagjöldum í fyrra.

Jónheiður minnir á að mörg leikfélög veita einnig styrk til sinna leikfélaga.

## **10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.**

Guðfinna kynnr starfsáætlun Bandalagsins. Starfsáætlun er óbreytt frá fyrra ári fyrir utan það að engin sérverkefni eru á dagskrá, ennþá, og kallar hún eftir tillögum frá starfshópunum.

### **Drög að starfsáætlun**

#### **Almenn starfsemi**

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

#### **Sérverkefni**

Guðfinna skipar í 4 hópa til að ræða starfsáætlun og gefur klukkutíma í umræður en það verður matarhlé í miðjunni.

Hópar taka til starfa.

MATARHLÉ 12:00-12:45

Hópastarf heldur áfram. Stjórnarmeðlimir og skólástýri ganga á milli og svara spurningum og taka þátt í umræðum.

Þegar hópar hafa skildað sér aftur í salinn biður Axel Vatnsdal um orðið og ítrekar að enn sé opið fyrir framboð til formanns, stjórnarmanns og varastjórnar. Hann hvetur fólk til að bjóða sig fram.

#### **Hópar kynna niðurstöður**

##### **Hópur 1**

Hópstjóri: Halla Rún Tryggvadóttir

Meðlimir: Arnar, Didda, Birgitta, Hafrún, Stebba

#### **1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.**

- Markviss markaðssetning á áhugaleikfélögunun.
  - Vera í samstarfi við leikara, leikstjóra, höfunda.
  - Búa til myndbönd, frásagnir og auglýsingar
- Vera hugrökk að bjóða fólki að styrkja BÍL
- Vera með sérstakan dag til að vekja áhuga á áhugaleikhúsi þar sem leikfélögin væru með opið hús og samfélagsmiðla spam.
- Hvetja fólk til að láta BÍL vita um námskeið í boð hjá áhugaleikfélögum og annarsstaðar.

- Á næsta leikári væri myndu öll leikfélög halda eina styrktarsýningu fyrir BÍL
- Kynna starfsemi áhugaleikfélaganna í grunnskólum og hjá eldri borgurum
- Skólasjóður
  - Félagin séu dugleg að kynna styrki stéttarféлага
  - Kynna skólann innan féлага, á uppsetningum og í tali
  - Leikfélög hafi skólasjóð sem félagar geta leitað í
- Vera með sveigjanlegri greiðslur á skólagjöldum
- Vera með baksviðsnámskeið
- Lækka staðfestingargjald

**2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.**

**3. Sérverkefni**

4. Skora á stjórnina að hafa stuttverkahátíð í sambandi við næsta aðalfund.

**Hópur 2**

Hópstjóri: Hanna Margrét Kristleifsdóttir

Meðlimir: Pröstur Steinþórsson, Sveindís María Sveinsdóttir, Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Ásta Gísladóttir, Þórdís Sigurgeirsdóttir

**1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.**

Kom upp í umræðum:

- Hafa alltaf eitt byrjendanámskeið í skólanum
- Fá einkaaðila til að kosta skólann - hefur það verið reynt?
- BÍL komi til móts við öryrkja sem hafa ekki aðgang að styrkjum frá stéttarfélögum
- Hvatning til stjórnar: Hafa aukið samband við fósturfélög, sérstaklega þau sem eru ekki með mikla starfsemi. Hafa einhvern staðlaðan ramma utan um það og hvaða atriðum er mikilvægt að miðla. T.d. veit fólk um leiklistarskólann eða þjónustumiðstöðina.

**2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.**

- Láta 3. milljónir sem voru lagðir til hliðar að renna til BÍL

**Sérverkefni**

- Sýnileiki leikfélaga – herferð með seríum af myndböndum sem kynna áhugaleikfélögin. Efnið komi frá starfandi áhugaleikurum og öðrum þátttakendum sem fjalla um af hverju áhugaleikfélagsstarfsemi skipti máli fyrir þá persónulega og búa þannig til rökstuðning fyrir því að kalla eftir auknum framlögum. Þarf að benda á mikilvægi áhugaleikara sem statista o.þ.h. í kvikmyndum, að þetta sé grasrótarstarfsemi þar sem margir atvinnuleikarar hafa byrjað feril sinn í áhugaleikfélögum, fá þetta fólk líka til að taka þátt í kynningarstarfsemi. Einnig þá leikstjóra og kennara sem hafa verið að starfa með áhugaleikfélögunum.

- Væri hægt að stofna þrýstihóp utan stjórnar sem hefur umsjón með verkefninu, þar sem hver aðili sé með fósturfélög á sínum snærum og kallar eftir efni frá þeim. Sami aðili ber svo ábyrgð á að koma afrakstri verkefnisins til alþingismanna og annarra áhrifaaðila.

### Hópur 3

Hópstjóri: Aðalsteinn Jóhannsson

Meðlimir: Aðalsteinn, Þjéttur, Þjarklind, Ingveldur, Hanna, Katí, Beta.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annara fastra liða í starfseminni.
  - a. Er eina mögulega staðsetning þjónustumiðstöðvarinnar að vera á höfuðborgarsvæðinu?
    - i. Beint er til stjórnar að kanna alla raunhæfa möguleika um staðsetningu þjónustumiðstöðvar.
    - b. Merktu vatnsflöskurnar vöktu lukku.
      - i. Er möguleiki að meira af merktum varning, jafnvel tengdur skólanum hverju sinni gæti gefið af sér einhverjar aukalegar tekjur.
      - c. Skólinn er æðislegur en alltaf má gera betur.
        - i. Hvernig er skólinn að þróast? Er rými til að útvíkka skilgreininguna eins og stefnan virðist vera með höfunda í heimsókn, halda í gamla liðið og bæta mögulega við nýjum vinklum sem auka tekjur.
    2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.
      - a. Styðjum heilshugar þá hugmynd að leikfélögin herji á þingmenn sína og sýni fram á lækkandi styrkveitingar og ójafna stöðu áhugaleikfélaga gagnvart öðrum í svipaðri stöðu.
        - i. Óskum eftir því að stjórn sjái um að útbúa stutta og hnitmiðaða greinagerð um hagræn áhrif leikfélaganna á samfélagið og þróun styrkja frá hinu opinbera, með því auðvelda leikfélögum að vera samstíga í þessari sókn.
        - b. Almannaheillaskrá, hvernig virkar það, þarf að kynna það fyrir fyrirtækjum?
          - i. Við beinum því til stjórnar að útbúa leiðbeiningar um hvernig á að kynna þetta fyrir fyrirtækjum svo þau sjái hag í þessu.
    3. Önnur mál
      - a. Leiklistarhátið mætti almennt vera tengd aðalfundi eða aðrar leiktengdar gjörðir til að sýna örlítið frá því hvað „hin“ leikfélögin hafa verið að vera.
      - b. Kynning á leikfélagastarfinu, myndbönd þar sem fólk segir frá því af hverju það fór í leiklistina, hvað varð til þess og hvað það hefur gert fyrir það. Leiklist hentar fyrir alla og við verðum að láta vita af því.
      - c. Jóladaatal leikfélaganna, félög um land allt taki sig til og búi til sameiginlegt jóladaatal.

### Hópur 4

Hópstjóri: Fanney Valsdóttir

Meðlimir: Benni, Gunnar Björn, Jóhanna, Jórunn, Sigríður Elín og Ellen.

Umræður sköpuðust um húsnæðisstöðu þjónustumiðstöðvar og leikfélaga á höfuðborgarsvæðinu og hvort það væri einhver lausn að reyna að finna hentugt sýningarhúsnæði þar sem hægt væri að hafa aðstöðu fyrir leikfélögin og þjónustumiðstöð á einum og sama staðnum.

Hópurinn ræddi aðeins varðandi skólann að “höfundur í heimsókn” ætti að eiga stærra hlutverk í skólanum og ekki vera auka eða slíkt heldur fullgildur aðili í skólanum. Vantar námskeið um rekstur leikfélaga. Spurning hvort ástæða sé til að skoða að hópar sem t.d eru ekki í stéttarfélagi geti fengið einhvern afslátt af skólagjöldum.

Spurning hvort BÍL ætti að bera sig meira eftir efni frá leikfélögum, spurning hvort fóstri gæti heyrt í sínum félögum og hvatt þau til að senda efni til Harðar til að setja á vefinn, nýta fóstura betur. Meiri hluti hóps hafði aldrei heyrt um fóstura félaga.

Hópurinn beinir því til stórnar/stjórnarfélks að efla tengsl fóstura við sín fósturfélög bæði til að fá fréttir af starfinu og hvetja félög til að senda á vefstjóra hvað er um að vera.

Náðum ekki að ræða lið 2 að neinu ráði en minntum á það á mann er það sem gefur besta raun þannig að hópurinn hvetur þá sem þekkja sveitarstjórnarmenn eða þingmenn að gefa sig á tal við þá.

### **Sérverkefni:**

Leggjum til að blásið verði til stuttverkahátíðar í tengslum við næsta aðalfund BÍL

Hópur 4 er síðasti hópurinn til að kynna sínar niðurstöður og Fundarstjóri býður kjörnefnd að taka við næsta lið.

### **11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. einum aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.**

Gerður kynnur þau framboð sem eru komin.

Formaður Guðfinna Gunnarsdóttir gefur ekki kost á sér áfram.

- Ólöf býður sig fram formanns

Framboð til meðstjórnanda til tveggja ára

- Gísli Björn Heimisson gefur kost á sér áfram.
- Hanna Margrét
- Axel
- Lilja

Mögulega þarf að kjósa meðstjórnanda til eins árs ef Ólöf verður kosinn formaður

Kosið verður um þrjú sæti í varastjórn og komið hafa fram sjö framboð.

- Sigrún Tryggvadóttir (Leikfélagi Kópavogs/Hafnarfjarðar)
- Hanna Margrét
- Ásta
- Fanney
- Jóhanna
- Ingveldur
- Sigríður Hafsteinsdóttir

Fundarstjóri þakkar Gerði fyrir og kynnur næsta lið.

### **12. Lagabreytingar.**

Engar lagabreytingar.

### **13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.**

Ólöf leggur fram áframhaldandi tillögu um húsnæðissjóðs og heimildir til stjórnar varðandi hann.

#### **Tillaga lögð fram af stjórn BÍL á aðalfundi 2023 í Neskaupsstað.**

“Aðalfundur BÍL gefur stjórn heimild til kaupa eða leigu á húsnæði ef aðstæður krefjast, þar sem óvissa er um framhald leiku í núverandi húsnæði. Jafnframt er veitt heimild til lántöku ef hentugt húsnæði finnst til kaupa. Ef stjórn afræður að kaupa húsnæði, skal svo fljótt sem auðið er boða til félagsfundar Bandalagsins og atkvæðagreiðslu um kaupin. Til að auðvelda og flýta ákvarðanatöku skal félögum standa til boða að taka þátt í fundinum á vefnum og greiða þar atkvæði. Umboð þetta gildir til næsta aðalfundar BÍL árið 2024.”

Ólöf útskýrir húsnæðissjóðinn og að heimild væri aðeins gefin til eins árs í einu.

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum atkvæðum og lýsir eftir fleiri tillögum.

#### **Ólöf kveður sér aftur hljóðs og ber upp eftirfarandi tillögu:**

“Aðalfundur BÍL samþykkir að 3 milljónir kr. sem teknar voru til hliðar af ríkisstyrk 2021 og færð sem skuld við félögin í bókhaldi verði felld niður.”

Fundarstjóri ber tillöguna undir fundinn og er hún samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum og kallar eftir fleiri tillögum.

Bernharð kveður sér hljóðs og talar um rekstur Bandalagsins og að þjónustumiðstöðin sé vel starfandi, en það sé mikilvægt að reksturinn hennar gangi vel og því vill hann bera eftirfarandi tillögu undir fundinn.

#### **Tillagan hljóðar svo:**

„Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn á Neskaupsstað 6. Maí 2023 samþykkir að 2 milljónir króna fari af ríkisstyrk til leikfélaganna og renni til Bandalagsins og reksturs þess.

Axel Vatnsdal  
Bernharð Arnarson“

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum atkvæðum.

#### **14. Starfsáætlun afgreidd.**

Guðfinna fer yfir starfsáætlun og leggur til viðbætur undir liðnum sérverkefni.

1. Halda stuttverkahátíð í sambandi við aðalfund 2024
2. Stefnt að því að halda vinnustofu í stjórnun leikfélaga á starfsárinu 2023-2024

Sigríður leggur til að verkefnastofa í stjórnnum og rekstri leikfélaga verði rafræn.

Hörður styður tillögu að stuttverkahátíð – og leggur til að stofnuð verði þriggja manna nefnd til að sjá um skipulag þessarar hátíðar svo hún verði örugglega haldin þar sem það sé allt of langt síðan við höfum komið saman og leikið.

Þórfriður kemur og stingur upp á að jafnvel væri hægt að selja inn á svona hátíð til styrktar BÍL.

Fundarstjóri les upp breytta starfsáætlun:

## Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

## Sérverkefni

1. Halda stuttverkahátíð í sambandi við aðalfund 2024
2. Stefnt að því að halda vinnustofu í stjórnun leikfélaga á starfsárinu 2023-2024

Fundarstjóri ber breytta starfsáætlun upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum atkvæðum.

## 15. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri býður kjörnefns í pontu að stýra stjórnarkjöri.

Gerður kynnir frambjóðendur og býður frambjóðendum að kynna sig.

Ólöf Þórðardóttir, sem er ein í framboði til formanns kynnir sig.

Gerður tilkynnir það að Ólöf sé hér með sjálfkjörin formaður Bandalags íslenskra leikfélaga. Fundurinn fagnar því með lófaklappi.

Gerður útskýrir að kjósa þurfi meðstjórnanda í aðalstjórn, einn til tveggja ára og einn til eins árs, af því að Ólöf var í stjórn og átti eitt ár eftir. Fjórir eru í framboði. Hvert félag skrifar tvö nöfn og mun sá sem hlýtur flest atkvæði verða kosinn til tveggja ára og sá sem hlýtur næst flest atkvæði til eins árs.

- Gísli Björn Heimisson (Leikfélagi Hafnarfjarðar)
- Hanna Margrét Kristleifsdóttir (Halaleikhópurinn)
- Axel Vatnsdal (Leikfélag Hörgdæla)
- Lilja Guðmudsdóttir (Leikfélag Hafnarfjarðar)

Frambjóðendur kynna sig.

Kosið er um meðlimi í aðalstjórn.

- Gísli Björn hlýtur áframhaldandi kosningu til tveggja ára með tíu atkvæðum

Kjósa þarf aftur á milli Hönnu Margrétar og Lilju sem hlutu báðar sexatkvæði.

- Hanna Margrét hlýtur kosningu til eins árs með sjö atkvæðum

Kosið verður um þrjú sæti í varastjórn og komið hafa fram sjö framboð.

- Sigrún Tryggvadóttir (Leikfélagi Kópavogs/Hafnarfjarðar)
- Ásta Gísladóttir (Hugleik)
- Fanney Valsdóttir (Leikfélagi Hörgdæla)
- Jóhanna Ingólfssdóttir (Freyvangsleikhúsið)
- Ingveldur Theódórsdóttir (Leikfélagi Vestmannaeyja)
- Sigríður Hafsteinsdóttir (Leikfélagi Selfoss)
- Bjarklind Þór (Leikfélagi Hafnarfjarðar)

Frambjóðendur kynna sig.

Kosið er um meðlimi í varastjórn. Kosningu hljóta:

- Fanney Valsdóttir
- Bjarklind Þór
- Sigrún Tryggvadóttir

Fundurinn fagnar með lófaklappi.

Fundastjóri gerir fundahlé fyrir kaffi. Fundur mun hefjast aftur kl 15:15.

HLÉ

Fundarstjóri býður fundargesti velkomna aftur og heldur áfram fundi.

Hún mælist til þess að fólk skrái sig á mælendaskrá

#### **16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.**

Kjörnefnd er Dýrleif Jónsdóttir, Gerður Sigurðardóttir og Sigga Lára og Axel Vatnsdal til vara. Kjörnefnd gefur kost á sér áfram.

Óbreytt skipan er samþykkt með öllum atkvæðum.

#### **b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.**

Ingveldur Þórðardóttir og Oddfreyja Oddfreysdóttir gefa áfram kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og er stungið upp á Erni Alexanderssyni sem skoðunarmanni reikninga til vara.

Skoðunarmenn reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

#### **17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.**

Gísli Björn Heimisson kynnir tillögu stjórnar að árgjaldi BÍL 2023-2024. Gjaldið var áður 88.000 kr.

Gísli Björn útskýrir að hækkunin sé yfirleitt ákveðin í samræmi við vísitölu neysluverðs. Milli áranna 2022-2023 er um það bil 10% hækkun en stjórn leggur til að fara bil beggja og hækka árgjaldið aðeins um 7%.

#### **Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2023-2024**

“Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2022-2023 verði kr. 94.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða kr. 141.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 188.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða kr. 47.000.”

Fundarstjóri opnar fyrir umræður.

Bernharð spyr hvort þetta sé nóg eða hvort við viljum hafa þetta hærra?

Hörður þakkar Benna hlýhuginn og segir að stjórn hafi rætt þetta og ákveðið að þetta þætti hæfileg hækkun í þetta skipti.

Fundarstjóri ber upp tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 18. Önnur mál

Vala Fannel er fyrst á mælendaskrá. Hún kynnir sig og segist vera hér í dag sem fulltrúi Þjóðleikhússins og hefur nýlega tekið við starfið verkefnastjóra samfélagsmála. Hún vill endilega blómga samstarf áhugaleikfélaganna og Þjóðleikhússins. Hún talar sérstaklega um Þjóðleiksverkefnið. Þjóðleikur er haldinn á tveggja ára fresti og er metnaðarfullt verkefni fyrir börn og unglinga á landsbyggðinni. Vala hvetur fólk til að koma að máli við þig sig í kvöld sem hefur reynslu og hugmyndir.

Umræða myndast um Þjóðleik og reynslu leikfélaganna af Þjóðleik og hvort Bandalagið getur tekið þátt í kynningu á þessu verkefni.

Stefnt er að Þjóðleik vorið 2025. Hörður lýsir þeirri skoðun sinni að það þurfi að ná sambandi við fólk innan áhugaleikfélaganna sem brennur fyrir Þjóðleik, vita út á hvað þetta gengur og geta tekið þátt í að styðja við áframhaldandi þróun og starf.

Katrín frá Freyvangi kveður sér hljóðs og hvetur okkur til að búa til myndbönd til að kynna Bandalagið og Leiklistarskólann. Hún talar um mikilvægi þess að starfa í áhugaleikfélagi og hvað það getur haft mikil áhrif.

Þórfriður kemur með nokkur praktísk atriðið. Er hægt að setja samfélagsmiðlareikninga leikfélaganna inn á leiklistarvefinn? Endilega senda Herði upplýsingar, bæði fyrir hann og okkur hin til að fylgjast með hvort öðru og deila.

Það verður hátíðarkvöldverður á Hildibrand í kvöld. Þar verður bar, en mögulega komum við svo aftur í Egilsbúð þar sem fólk kemur með sín eigin drykkjarföng.

Hörður hefur tekið niður nokkra punkta sem snúa að honum. Herferð á pólitíkusa – Hörður mun útbúa skjal með lykil upplýsingum. Hann bendir á hópinn Landsnet áhugaleikfélaga á facebook þar sem hægt er að deila upplýsingar. Á leiklistarvefnum er líka upplýsingasíða um hvert leikfélag þar sem hægt er að bæta við upplýsingum ef þarf. Hörður hefur pantað fleiri merktar flöskur og er að skoða aðrar merktar vörur. Fólk er mis duglegt að senda honum upplýsingar og myndir frá sýningum. Myndir þurfa til dæmis að vera í ákveðinni upplausn. Hægt væri að taka þetta upp í vinnustofu um stjórnnum leikfélaga. Hann minnst einning á það að vefsíðan leikhus.is stundar það að taka efni beint af Leiklistarvefnum og birta óbreytt.

Bernharð kemur upp og ræðir um það að það vanti oft umræður um hlutina og hvetur til þess að við ræðum saman á aðalfundi. Hann kvartar yfir samskiptaleysi við ríkisvaldið og vill að fundurinn álykti um þetta mál. Hann hefur sett saman drög að ályktun varðandi þetta mál og les hana upp. Hann vill einnig árétta það að ef aðalfundur vill láta taka sig alvarlega eigi ekki að vera haft áfengi um hönd á aðalfundi.

Guðfinna leggur til að samin verði ályktun. Hörður leggur til að stjórn verði falið að semja ályktun en fundurinn veiti stjórn heimild til að álykta í nafni hans um þessi mál.

Elli talar um að vera ekki hrædd við að taka saman punkta og samanburð sem okkur gætu þótt klisjukenndir til að senda á ráðuneytið og þingmenn því það er það sem þeir skilja. Hann þakkar fyrir áhuga á Bandalagsskólanum.

Ólöf þakkar fyrir frábæra kosningu í dag og býður nýja stjórnarmeðlimi velkomna og er ánægð með þessa stelpu stjórn sem hefur þó Gísla og Hörð með sér. Hún kom inn í stjórn þegar Einar Rafn hætti og hefur starfað með Bandalaginu frá 2000. Hún þakkar Guðfinnu kærlega fyrir samstarfið og Þórfriði og öllum í

stjórn Leikfélags Norðfjarðar fyrir frábæran fund. Guðfinna er orðin tæknivædd og því lítið mál að hafa samband ef eitthvað er.

Guðfinna les tillögu til stjórnar:

„Aðalfundur BÍL samþykkir að fela stjórn að semja og senda frá sér, í nafni aðalfundar, ályktun um sinnuleysi stjórnvalda gagnvart BÍL, sem fyrst.“

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.**

Jóhanna kveður sér hljóðs og býður Bandalaginu að halda aðalfund í Freyvangsleikhúsinu vorið 2024. Hún hlakkar til að halda með okkur stuttverkaverkahátíð að ári.

Fundarstjóri gefur Guðfinnu orðið.

Hún þakkar leikfélagi Norðfjarðar kærlega fyrir móttökurnar og fyrir að halda svona vel utan um okkur á þessu Bandalagsþingi.

Hún þakkar fundarstjóra fyrir skelegga stjórn og öllum fyrir komuna.

Guðfinna talar um að enginn sé ómissandi og allt fari í hringi og flytur svo hjartnæma og fallega kveðjuræðu sem endar á því að hún þakkar kærlega fyrir samstarfið og slítur fundi.